

**Sp. 269. Tillaga til þingsályktunar**

um styrk til hraðfrystihúsa fyrir fisk.

Flm.: Ingvar Pálmason, Bergur Jónsson.

Alþingi ályktar, að greiða skuli úr fiskimálasjóði styrk til þess að reisa hraðfrystihús fyrir fisk,  $\frac{1}{4}$  stofnkostnaðar á þeim stöðum, sem samkvæmt álitri ríkisstjórnar og fiskimálanefndar virðist mest nauðsyn fyrir hendi. Þau hraðfrystihús, sem reist hafa verið á 2 síðustu árum, skulu verða styrks þessa aðnjótandi. Einnfremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að veita aðstoð sína til lánaútvegana til hraðfrystihúsa þeirra, sem styrkja ber samkvæmt framansögðu.

**Greinargerð.**

Tvö frv., sem innihalda samskonar ákvæði og farið er fram á í þessari tillögu, ásamt fleiru, liggja nú fyrir Nd. Alþingis, en hæði eru þau svo stutt á veg komin, að ætla má, að hvorugt þeirra nái fram að ganga á þessu þingi, sérstaklega þar sem þau bæði, og þó einkum annað þeirra, hafa einnig ákvæði inni að halda, sem valdið geta ágreiningi, sem tafið geti framgang þeirra. Er því þingsályktunarleiðin sú eina, sem vænta má, að borið geti árangur að þessu sinni. Þar sem það virðist ljóst af framkomnum frv. um þetta efni, að fyrir hendi sé þingvilji um styrkveitingu til bygginga hraðfrystihúsa, þá flytjum við þessa þingsályktunartillögu í því trausti, að þann veg náist nokkur lausn þessa nauðsynjamáls þegar á þessu þingi.